

Ed. 74. Frumvarp til laga

um bygging sjómannaskóla.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Byggja skal á árunum 1941 til 1943 sjómannaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

2. gr.

Forstaða skólabyggingarinnar skal falin fimm manna nefnd. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina og tilnefnir formann hennar, en tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og einn eftir tilnefningu Stýrimannafélags Íslands.

3. gr.

Byggingarnefnd skal þegar láta gera uppdrætti að skólahúsi í samráði við skólustjóra þeirra skóla, sem þar er ætlað pláss, en það eru stýrimannaskólinn og vélstjóra-

skólinn; jafnframt skal nefndin gera tillögu um skólastað, og skal sérstakt tillit tekið til þess, að nægilegt landrými sé fyrir framtíðarþarfir skólans.

Í skólanum skal vera heimavist fyrir hæfilegan nemendafjölda, og skal húsa- kynnum heimavistarinnar svo háttáð, að þar verði auðveldlega við komið kennslu fyrir matsveina.

Atvinnumálaráðherra staðfestir teikningu og úrskurðar um skólastað.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu skólans, og skulu veittar í fjárlögum minnst 100 þús. kr. á ári, þar til byggingarkostnaði er að fullu lokið. Heimilt er byggingarnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, að taka bráðabirgðalán eða selja skuldabréf til að greiða byggingarkostnað, eftir því, sem árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Ríkissjóður ábyrgist slík lán og stenztr kostnað af þeim.

5. gr.

Byggingarnefnd skal veita viðtöku gjöfum til sjómannaskólans, en gjafafé skal ekki verja til greiðslu á venjulegum stofnkostnaði skóla, heldur til sérstakra umbóta vegna kennslu og skólalífs, sem annars mundi verða bið á að fá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menn munu sammála um það, að sjálfsagt sé að nota nokkuð af hinum miklu tekjum, sem fiskiveiðarnar færa nú ríkissjóði, til að búa í haginn fyrir sjómenn sjálfa. Þar liggur næst að bæta nú þegar úr hinri ríku þörf stýrimannaskólans og vélstjóra- skólans fyrir fullnægjandi húsnæði. Hefur því máli oft verið hreyft, en nú er engin afsökun lengur um að fresta framkvæmdum.

Um 1. gr. Ef hafizt er handa nú þegar á næsta vori, má búast við, að hægt verði að ljúka skólabyggingunni sumarið 1942, en þó ekki vert að kveða fastar að en að byggingu skuli lokið á árinu 1943.

Um 2. gr. Það er æskilegt, að fulltrúar sjómanna hafi forustu í byggingarmálinu, og er hér ætlazt til, að Farmannasambandið tilnefni einn mann úr hópi skipstjóra og einn mann úr hópi vélstjóra, Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefni mann fyrir háseta og aðrar starfsgreinir þess, sem margir eru vantanlegir nemendur, og Stýrimannafélag Íslands tilnefni mann úr hópi stýrimanna. Er þá náð þeim tilgangi, að fulltrúar aðalfélags sjómanna og aðalstarfsgreina hafa fulltrúa í nefndinni.

Um 3. gr. Byggingarnefndinni er hér ætlað að gera tillögur um skólastað og teikningar, en ráðherra hefur úrskurðarvaldið. Auk stýrimannaskólans og vélstjóra- skólans er æskilegt að sjá matsveinaskóla fyrir húsnæði, og fellur það vel heim við þarfir heimavistar.

Um 4. gr. Ríkissjóður leggur að sjálfsögðu fram stofnkostnaðinn, og væri vorkunnarlaust að greiða hann á 2—3 árum, eftir því sem nú lítur út fyrir, en þó rétt að gera ráð fyrir bráðabirgðalántöku, svo framkvæmdir þurfi ekki að tefjast, ef árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Að visu mætti einnig leggja til, að til sjómannaskólabyggingar gangi viss hluti af tilteknum tekjum af sjávarafurðum, en það mundi koma í sama stað niður, og hreinlegast að ríkissjóður hirði sínar tekjur og greiði gjöld sin beint úr ríkissjóði.

Um 5. gr. Gera má ráð fyrir, að margir sjómenn vilji minnast skólans í sambandi við byggingarmál hans, ekki sizt ef fulltrúum stéttarinnar er falin forusta í byggingarmálinu, og er því nefndinni hér falið að gangast fyrir samskotum, sem þó ganga ekki til að spara ríkissjóði stofnkostnað, heldur til að prýða skólann og búa í haginn fyrir kennsluna og skólalífið á þann hátt, sem ella mundi vafasamt að gert væri.